



1. útgáfa / 23.11.2014

## Öryggisblað (SDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

### 1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

#### 1.1 Vörukenni

Vöruheiti: **Skipagasolía (Marine Gas Oil)**

#### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið: Eldsneyti

#### 1.3 Upplýsingar um þann aðila sem er ábyrgur fyrir öryggisblaðinu eða afhendingu þess

Söluaðili: Atlantsolía ehf  
Lónsbraut 2  
220 Hafnarfjörður

Sími: 591 3100  
Bréfsími: 591 3101  
Netfang: atlantsolia@atlantsolia.is  
Veffang: www.atlantsolia.is

#### 1.4 Neyðarsímanúmer

Eitrnarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni.  
Sími. 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

### 2. HÆTTUGREINING

#### 2.1 Flokkun efnis eða efnablöndu

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

Xn, hættulegt heilsu  
N, hættulegt umhverfinu

H20: Hættulegt við innöndun.  
H38: Ertir húð.  
H40: Getur hugsanlega valdið krabbameini.  
H51/53: Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.  
H65: Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 866/2012:

H304: Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.  
H315: Veldur húðertingu.  
H332: Hættulegt við innöndun.  
H350: Getur valdið krabbameini.  
H373: Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.  
H400: Mjög eitrað lífi í vatni.  
H410:

#### 2.2 Merkingaratriði

Merking skv. reglugerð nr. 866/2012:

Hættumerki: GHS07, GHS08, GHS09



Viðvörðunarað: Hætta.

Hættusetningar:

H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.
H315	Veldur húðertingu.
H332	Hættulegt við innöndun.
H350	Getur valdið krabbameini.
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
H400	Mjög eitrað lífi í vatni.
H410	Mjög eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum.

Varnaðarsetningar:

V261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
V301+V310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
V331	EKKI framkalla uppköst.
V501	Fargið innihaldi/iláti hjá viðurkenndum aðila
V280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað
V332+V313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.

### 2.3 Aðrar hættur

Blandan inniheldur engin efni sem gætu verið þrávirk, eitruð né safnast upp í lífverum (PBT/vPvB).

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.2 Efnablöndur

Innihald skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Dísileldsneyti	68334-30-5	269-822-7	Carc.3	Xn,N	38-40-51/53-65-20	50-60%
Gasolíur (úr jarðolíu), hitasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni	92045-29-9	295-411-7	Carc.2	Xn,N	38-45-51/53-65-20	20-30%
Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð	68333-25-5	269-781-5	Carc.2	Xn,N	38-45-48/21-50/53-65-20	10-20%

Innihald skv. reglugerð nr. 866/2012:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Hættuflokkur	H-setningar	Styrkur
Dísileldsneyti	68334-30-5	269-822-7	Bráð eit. 4	H332	50-60%
			Húðert. 2	H315	
			Krabb. 2	H351	
			SEM-VES 2	H373	
			Eit. v. ásvelg. 1	H304	
			Langv. eit. á vatn. 2	H411	
Gasolíur (úr jarðolíu), hitasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni	92045-29-9	295-411-7	Húðert. 2	H315	20-30%
			Krabb. 1B	H350	
			SEM-EV 2	H373	
			Eit. v. ásvelg. 1	H304	
			Bráð eit. á vatn. 1	H400	
			Langv. eit. á vatn. 1	H410	
Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð	68333-25-5	269-781-5	Bráð eit. 4	H332	10-20%
			Húðert. 2	H315	
			Krabb. 1B	H350	
			SEM-EV 2	H373	
			Eit. v. ásvelg. 1	H304	
			Langv. eit. á vatn. 1	H410	

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

**Almennt:**

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

**Innöndun:**

Færið þann slasaða í ferskt loft.

Leitið læknis eins og ástand segir til um eða ef óþæginda verður vart.

**Snerting við augu:**

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni og haldið auganu vel opnu á meðan.

Leitið læknis eins og ástand segir til um eða ef óþæginda verður vart.

**Snerting við húð:**

Þvoið strax vel með miklu vatni og sápu. Fjarlægjið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Leitið læknis eins og ástand segir til um eða ef óþæginda verður vart.

**Inntaka:**

Skolið strax munn með miklu vatni og drekkið 1-2 glös af vatni í litlum sopum.

Framkallið ekki uppköst.

Leitið umsvifalaust læknis.

**Við bruna:**

Skolið með vatni þar til sársaukinn hefur dvínað. Fjarlægjið allann fatnað sem er ekki fastur við húð.

Leitið umsvifalaust læknis. Haldið áfram að skola, sé það mögulegt.

**4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir**

Hættulegt við innöndun. Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.

Grunað um að valda krabbameini. Veldur húðertingu. Getur skaðað líffæri við langvinn og endurtekin váhrif.

**4.3 Upplýsingar um tafarlaus læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á**

Veitið öndunaraðstoð andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Þjálfaður aðili getur gefið þeim slasaða súrefni.

Haldið hita á þeim slasaða.

Tryggið að umönnunaraðilar séu meðvitaðir um hvaða efni sé um að ræða og hættuna sem stafar af því.

**5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIADGERÐA****5.1 Slökkvibúnaður**Viðeigandi slökkviefni:

Vatnsúði, alkóhólþolin froða, slökkviduft eða kolsýra.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Kraft- og/eða rúmmálmikil vatnsbuna.

**5.2 Sérstakar hættu af völdum efnisins eða efnablöndunnar**Sérstakar hættu við bruna:

Við bruna geta myndast eitruð reykur sem inniheldur kolmónoxíð (CO).

**5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn**

Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað.

Slökkviliðsmenn sem eiga á hættu að anda að sér reyk eða lofttegundum frá brunanum skulu nota ferskloftsgrímu (SCBA).

Fjarlægjið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt, ef ekki, kælið með vatnsúða.

Forðist innöndun gufu og reyks.

**6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI****6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir**Starfsfólk sem ekki vinnur við neyðarþjónustu:

Reykingar bannaðar. Haldið frá opnum eld. Notið hlífðarhanska.

Haldið fólki fjarri eða vindmeginn við upptök leka.

Tryggið góða loftræstingu.

Fyrir bráðaliða:

Mælt er með notkun efnapólinn hlífðarfatnaðar sem uppfyllir ÍST-EN 943-2.

**6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins**

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður, sé það hættulaust.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Berist efnið í niðurföll, sjó eða ár skal gera viðkomandi yfirvöldum grein fyrir því.

**6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar**

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.

Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

**6.4 Tilvísun í aðra liði**

Sjá 8. og 13. lið.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

#### Ábendingar um örugga meðhöndlun:

Aðgangur að neyðarsturtu er æskilegur.

Ekki borða, drekka né reykja þegar verið er að meðhöndla efnið.

Ekki geyma hlífðarfatnað með öðrum persónulegum fatnaði.

Haldið fjarri opnum eldi, heitu yfirborði og öðrum íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar.

Tryggið góða loftræstingu.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

#### Kröfur um geymslusvæði og gáma:

Geymið þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að efninu.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Geymið aðeins í vel lokuðum, upprunalegum umbúðum.

#### Ábendingar um geymslu með öðrum efnum:

Geymið ekki með matvælum eða fóðri.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun

Engar upplýsingar liggja fyrir

## 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur

#### 8.1.1 Viðmunarmörk

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.

#### 8.1.2 Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir

Inniheldur engin efni sem skylt er að tilkynna.

#### 8.1.3 Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir

Inniheldur engin efni sem skylt er að tilkynna.

#### 8.1.4 Afleidd áhrifaleysismörk (DNEL-gildi) og styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC-gildi)

##### DNEL-gildi

##### **Starfsfólk**

##### Dísileldsneyti

Gegnum húð: 4300 mg/m<sup>3</sup> - 15 mín. (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Gegnum húð: 2,9 mg/kg - 8 klst. (langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Innöndun: 68 mg/m<sup>3</sup> - 8 klst. (svífúði)

##### Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð

Gegnum húð: 2,4 mg/m<sup>3</sup> - 8 klst. (langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Innöndun: 30 mg/m<sup>3</sup> - 8 klst. (langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Innöndun: 2230 mg/m<sup>3</sup> - 15 mín. (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

##### **Almenningur**

##### Dísileldsneyti

Gegnum húð: 1,3 mg/kg - 24 klst. (Langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

Innöndun: 20 mg/m<sup>3</sup> - 24 klst. (svífúði)

Innöndun: 2600 mg/m<sup>3</sup> - 15 mín. (bráð-/ skammtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

##### Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð

Inntaka: 1 mg/kg - 24 klst. (langtímaáhrif - kerfistengd áhrif)

##### **PNEC-gildi**

##### Dísileldsneyti

Vatn (ferskvatn): 0,083 mg/L

##### Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð

Vatn (ferskvatn): 0,029 mg/L

Inntaka (matvæli): 17 ppm

## 8.2 Váhrifavarnir

### Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkennda öndunargrímu með síu af gerð A (ÍST EN 136/140/145).

Til hlífðar höndum:

Snerting í stuttan tíma, <10 mín.: hlífðarhanskar úr nítrilgúmmí (ÍST EN 374).

Snerting í lengri tíma, >1 klst.: hlífðarhanskar úr nítrilgúmmi (ÍST EN 374) og utanyfirgalli.

Gegnþrengingartími fyrir nítrilgúmmí >8 klst.

Til hlífðar augum:

Sé hætta á slettum skal nota þétt hlífðargleraugu með hliðarvörn sem uppfylla ÍST EN 166.

Til hlífðar húð:

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

### Váhrifavarnir vegna umhverfis

Almenn ráðgjöf:

Tryggið að farið sé eftir staðbundnum reglum um losun.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um eðlisefnafræðilega grundvallaeiginleika

Útlit:	Vökvi
Litur:	Brúnn
Lykt:	Gasolía
Bræðslumark:	-40 - 6°C
Suðumark:	141 - 500°C
Rennslismark:	-40 - 6°C
Blossamark:	65°C
Íkveikjumark:	>225°C
Sjálftendrun:	>225°C
Eðlisþyngd gufu (loft=1):	0,80 - 1
Gufuþrýstingur við 40°C:	0,40 kPa
Seigja við 40°C:	>1,30 mm <sup>2</sup> /s
Leysanleiki:	
Vatn:	Óleysanlegt

### 9.2 Aðrar upplýsingar

Engar svo vitað sé til.

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1 Hvarfgirni

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

### 10.2 Efnafraðilegur stöðuleiki

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Engar upplýsingar liggja fyrir.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast

Háan hita og snertingu efnisins við íkveikjuvalda.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni

Sterkir oxunarmiðlar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni

Við bruna eða hátt hitastig myndast hættulegar eiturgufur, CO<sub>2</sub> og CO.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturefræðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

**Bráð eitúráhrif innihaldsefna:**

<b>Dísileldsneyti:</b>	
LD50	Inntaka, rotta: >7600 mg/kg.
LD50	Gegnum húð, kanína: 4300 mg/kg
LC50	Innöndun í 4 klst., rotta: 4,1 mg/L
<b>Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð:</b>	
LD50	Inntaka, rotta: >3200 mg/kg.
LD50	Gegnum húð, kanína: >2000 mg/kg
LC50	Innöndun í 4 klst., rotta: 4,65 mg/L

**Húðæting/húðerting**

Getur valdið roða í húð.

**Næming öndunarfæra eða húðnæming**

Hættulegt við innöndun.

**Krabbameinsvaldandi áhrif**

Getur valdið krabbameini.

**Sértæk eitúrhif á marklíffæri - endurtekin váhrif**

Getur valdið skemmdum á líffærum við síendurtekna og langvarandi áverkun.

Getur valdið skaða í blóðrás, hóstakartil og lifur.

**Ásvelgshætta**

Hætta á kemískri lungnabólgu við inntöku eða uppköst.

**12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR****12.1 Eitúrhif****Bráð eitúráhrif í vatni:**

<b>Dísileldsneyti:</b>	
Fiskur	LC50 (96 klst.): 21 mg/L (Oncorhynchus mykiss)
Þörungar	EC50 (72 klst.): 22 mg/L
Halafló	EC50 (48 klst.): 68 mg/L (Daphnia magna)
<b>Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð:</b>	
Halafló	IC50 (50 klst.): 0,319 mg/L (Daphnia magna)
Þörungar	IC50 (72 klst.): 2,6 mg/L
Fiskur	LC50 (96 klst.): 0,56 mg/L (Oncorhynchus mykiss)

**Langvinn eitúráhrif í vatni:**

<b>Dísileldsneyti:</b>	
Fiskur	14dNOEL: 0,083 mg/L (Oncorhynchus mykiss)
Halafló	14dNOEL: 0,21 mg/L (Daphnia magna)
<b>Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð:</b>	
Fiskur	14dNOEL: 0,029 mg/L (Oncorhynchus mykiss)
Halafló	21dNOEL: 0,053 mg/L (Daphnia magna)

**12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki**

Inniheldur efni sem eru torr niðurbrjótanleg:

Dísileldneyti: Niðurbrjótanlegt.

Gasolíur (úr jarðolíu), hitasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni: Torniðurbrjótanlegt.

Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð: Torniðurbrjótanlegt.

**12.3 Uppsöfnun í lífverum**

Getur valdið uppsöfnun í vatnalífverum.

**12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi**

Torniðurbrjótanlegt í jarðvegi.

**12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum**

Blandan inniheldur engin efni sem gætu verið þrávirk, eitruð né safnast upp í lífverum (PBT/vPvB).

**12.6 Önnur skaðleg áhrif**

Engar upplýsingar liggja fyrir.

**13. FÖRGUN****13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs****Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu og ísogsefni eða jarðvegi menguðum af efninu til endurvinnslu/spilliefnamóttöku ef þess er kostur.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er efnið og leifar þess í eftirfarandi flokk(um):

\*13 07 01 (brennsluolíur og dieselolía)

\*15 02 02 (íseyg efni, síunarefni (þ.m.t. olíusíur sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur, og hlífðarfatnaður sem eru menguð með hættulegum efnum)

**Förgun umbúða undan efninu:**

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

**14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA****Vegflutningar ADR/RID:**

14.1 UN-númer:	1202
14.2 Rétt UN-sendingaheiti:	DIESEL FUEL
14.3 Hættuflokkur:	3
14.4 Pökkunarflokkur:	III
14.5 Umhverfishættur:	Hættulegt umhverfinu
Takmarkanir í jarðgöngum:	D/E
Hættunúmer:	30
Flokkur:	3 (F1) Eldfimir vökvar

**Sjöflutningar IMO/IMDG:**

14.1 UN-númer:	1202
14.2 Rétt UN-sendingaheiti:	DIESEL FUEL
14.3 Hættuflokkur:	3
14.4 Pökkunarflokkur:	III
14.5 Umhverfishættur:	Mengar haf

**Flugfrakt ICAO/IATA:**

14.1 UN-númer:	1202
14.2 Rétt UN-sendingaheiti:	DIESEL FUEL
14.3 Hættuflokkur:	3
14.4 Pökkunarflokkur:	III

**14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda**

Engar.

**14.7 Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum**

Á ekki við.

**15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK****15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**Evrópureglugerðir

Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Landslöggjöf

Börn og ungmenni undir 18 ári aldri mega ekki vinna með eða komast í snertingu við efnið.

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

**15.2 Efnaöryggismat**

Efnaöryggismat hefur verið framkvæmt fyrir eftirfarandi innihaldsefni:

Dísileldsneyti (CAS: 68334-30-5, EINECS: 269-822-7)

Eimi (úr jarðolíu), brennisteinssneydd með vetni, létt, hvatasundruð (CAS: 68333-25-5, EINECS: 269-781-5)

Gasolíur (úr jarðolíu), hitasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni (CAS: 92045-29-9, EINECS: 295-411-7)

**16. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

**Skýringar á skammtöfunum:**

- DNEL - Afleidd áhrifaleysismörk
- PNEC - Styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg
- PBT - Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð
- vPvB - Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í líverum í miklu magni
- LC50 - Banvænn styrkur, 50%
- LD50 - Banvænn skammtur, 50%

**Hættusetningar innihaldsefna, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum:**

- 20 Hættulegt við innöndun.
- 38 Ertir húð.
- 40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.
- 45 Getur valdið krabbameini.
- 50/53 Mjög eitruð vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
- 51/53 Eitruð vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
- 65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

**Hættusetningar innihaldsefna, skv. reglugerð nr. 866/2012:**

- H304 Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.
- H315 Veldur húðertingu.
- H332 Hættulegt við innöndun.
- H350 Getur valdið krabbameini.
- H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
- H400 Mjög eitruð lífi í vatni.
- H410 Mjög eitruð lífi í vatni með langvinnnum áhrifum.
- H411 Eitruð lífi í vatni með langvinnnum áhrifum.

**Útgáfa:** 1.

**Dags.:** 23.11.2014

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).

*Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.*

*Frumheimild: Gasoil  
Útgefandi: Statoil ASA  
Útgáfa: 08.06.2011*